

Lýsing á umhverfi

Snæfoksstaðir eru 749 ha að stærð. Þar vex upp skógur á hundruðum ha og blasir að nokkru við vegfarendum sem um þjóðveginn fara. Hæstu skógarlundina er að finna í Skógarhlíð á bökkum Hvítár. Snæfoksstaðir eru í Grímsnesi, sveitinni milli Sogs og Hvítár og er kennd við Grím þann, sem nam þar land að sögn Landnámabókar. Um neðanvert Grímsnes er landslagið víðast hvar mótað af hraunum sem þekja um 54 km², öll runnin eftir ísöld, frá nokkrum eldstöðvum, sem dreifðar eru um miðja sveitina. Hraunin eru þakin gróðri; birkikjarri, víðikjarri og mólendi. Um ofan- og austanvert Grímsnes eru víðáttumikil móa- og mýrasvæði. Margar eldstöðvar eru í Grímsnesi. Þær stæstu eru Tjarnhólar, þar sem Kerið er, Seyðishólar, Kálfhólar og Álfthóll. Kolgrafarhóll er lítil eldstöð í vesturjaðri Snæfoksstaðalands. Af hólnum er mjög gott útsýni yfir Grímsnesið neðanvert.



Saga Snæfoksstaða

Snæfoksstaðir eru í elstu heimildum nefndir Snjófuglsstaðir. Snæfoksstaðir voru kirkjustaður og prestssetur í margar aldir en kirkjan var tekin af 1801 og prestssetrið flutt að Klausturhólum. Jörðin var eign Skálholtsstóls öldum saman en 1836 kemst hún í eigu einstaklinga. Sama ætt bjó þar alla 19. öldina og framan af þeirri 20., síðast Jóhann Ingvarsson sem hætti búskap árið 1920. Jörðin var áfram í eigu systkina Jóhanns og barna hans uns Skógræktarfélag Árnesinga keypti jörðina árið 1954. Eftir 1920 voru Snæfoksstaðir í leiguábúð. Síðasti ábúandi var Sveinbjörn Jónsson er bjó þar til dauðadags 1964.



Skógræktarfélag Árnesinga

Félagið var stofnað 2. nóvember 1940 í Tryggvaskála á Selfossi. Fyrstu verkefni félagsins voru ræktun Tryggvagarðs á Selfossi, í tilefni af 50 ára afmæli Ölfusárbrúar 1941 og gróðursetning í Glymskóga á Laugardælavöllum. Félagið er deildaskipt og eru deildir í öllum sveitarfélögum sýslunnar og rækta þær skóg hver í sinni heimabyggð. Deildirnar njóta styrks frá móðurfélaginu á ýmsum sviðum.



Opinn skógur

Opinn Skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Með öflugum stuðningi - Olís og Alcan á Íslandi - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.




Brautryðjendur Opinna skóga:



OPINN SKÓGUR

Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

Skógræktarfélag Árnesinga



Snæfoksstaðir

Skógræktarfélag Árnesinga býður ykkur velkomin í “Opinn skóg” við Kolgrafarhól á Snæfoksstöðum. Skógræktarfélagið keypti Snæfoksstaði árið 1954 og þá var hafist handa við að girða af landið við Kolgrafarhól. Sumarið 1956 var fyrst gróðursett þar. Sumarvinna barna og unglunga frá Selfossi hófst árið 1958 á Snæfoksstöðum og stóð óslitið, með tilstyrk Selfosshrepps, næstu 12 ár. Á þessu árabili var skógurinn við Kolgrafarhól gróðursettur.

Gerð hefur verið ný aðkoma af Biskupstungnabraut sem bætir aðgengi að skóginum. Þar hefur verið gert torg með bílastæðum og upplýsingaskilti. Frá torginu liggja leiðir um skóginn og þar er aðstaða til að setjast niður og borða nestið. Mikilvægt er að gönguleiðinni sé fylgt og viðkvæmum gróðri hlíft. Af Kolgrafarhóli er ágætt útsýni og þar er örnefnaskífa sem hjálpar fólki að glöggva sig á umhverfinu.

Velkomin í skógin

Gönguleiðir

600 m

500 m

Bílfreiðastæði

Trjásafn

Borð og bekkir

Upplýsingar

Útsýni

